



Fréttabréf Fljótsdalshrepps

Íbúar Fljótsdalshrepps

Sorpgámar

Við vegamót Norðurdalsvegur eru staðsettir sorpgámar fyrir járn, timbur, rafgeyma og almennt sorp.

Íbúar geta sér að kostnaðarlausu komið með sorp og sett í gámana, en mikilvægt er að ganga vel um svæðið og passa upp á að setja sorpið í viðeigandi gáma.

Pá eiga íbúar sem standa í tiltekt á jörðum sínum kost á að fá gáma (fyrir timbur eða járn) heim til sín tímabundið.

Þeir sem óska eftir að fá heim til sín gáma, hafi samband við oddvita á skrifstofu í Végarði, eða í síma 471 1810

Auglýsing

Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans auglýsir eftir umsóknum úr sjóðnum árið 2014.

Umsóknarfrestur er til 23. apríl.

Sjá nánar í auglýsingu á baksíðu.

Unglingavinna

Í sumar er áætlað að starfrækja vinnuskóla fyrir unglunga í Fljótsdalshreppi á aldrinum 13-15 ára, þ.e. eru fædd 1999 til 2001

Foreldrar barna á þessum aldri fá á næstunni sent bréf með nánari upplýsingum um vinnuna, ásamt umsóknareyðublaði.

Kynningarfundur

Kynningarfundur um tillögu að Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps verður haldinn í Végarði, þriðjudaginn 29. apríl kl. 20.00.

Tillagan hefur auglýst og er athugasemdafrestur til 15. maí.

Sjá nánar í auglýsingu á baksíðu.

Viðhald veggirðinga

Ábúendur/landeigendur jarða þar sem eru veggirðingar sem Vegagerðin greiðir viðhaldsfé til, eru minntir á að árlegu viðhaldi girðinganna á að vera lokið fyrir 20. maí

Efni:

Sorpgámar	1
Verkefna-og rannsóknarsjóður	1
Kynningarfundur	1
Veggirðingar	1
Unglingavinna - Auglýst eftir verkstjóra	1
Styrkir	1
Skólamála	1

Skólamála

Í vetur hefur verið unnið að endurskipulagningu á rekstri Hallormsstaðaskóla, vegna fækkunar nemenda.

Nú liggur fyrir að skólinn verður gerður að deild innan Egilsstaðaskóla og ráðinn deildarstjóri í stað skólastjóra.

Áfram verður rekinn heildstæður 10 bekkja grunn- og leikskóli á Hallormsstað. Kennit verður í tveimur námshópum.

Helsta breyting sem snýr að nemendum er að þeim verður keyrt í Egilsstaði 1 1/2 dag í viku, í sund-og íþróttakennslu o.fl.

Húsnaðisþörf skólans hefur verið endurmetin með það að markmiði að minnka reksturkostnað skólans.

Í sumar verður unnið að viðhaldi á skólastofum og leikskólinn verður fluttur til innan skólaveggjanna.

Vonast er til að með þeim aðgerðum sem ákveðið hefur verið að ráðast í, hafi skólastarf á Hallormsstað verið tryggt og skólinn áfram góður kostur fyrir nemendur í skólahverfinu og aðra sem áhuga hafa á að stunda sitt nám í litlum skóla í einstöku umhverfi.

Verkstjóri unglungavinnu

Fljótsdalshreppur óskar eftir að ráða verkstjóra með unglungavinnu í sumar.

Áætlað er að starfrækja vinnuskólann frá 10. júní til 17. júlí. Ekki verður unnið á föstudögum.

Verkstjóri þarf að geta lagt til létta kerru og bíl sem tekur

a.m.k. 4 farþega. Aukin ökuréttindi eru æskileg.

Oddviti veitir frekari upplýsingar um starfið og tekur við umsóknum.

Umsóknarfrestur um starfið er til miðvikudags 30. apríl.

Styrkir

Námsmenn 16-25 ára geta sótt um námsstyrk.

Fristundastyrkir fyrir 6-18 ára

Umhverfisstyrkir verða áfram í boði.

Hægt er að sækja um styrki til að kaupa sauðfjárvóta..